



# Starfsskýrsla forystuskóla Arnarberg

## Forystuskóli í Hafnarfirði 2009-2010



Guðrún Björnsdóttir, verkefnisstjóri  
Björg Helga Geirsdóttir, leikskólastjóri

Leikskólinn Arnarberg  
Haukakrauni 2  
220 Hafnarfjörður

Sími: 5553493  
Bréfsími: 5553949  
Netfang: [arnarberg@hafnarfjordur.is](mailto:arnarberg@hafnarfjordur.is)  
Veffang: [arnarberg.is](http://arnarberg.is)

Hafnarfirði í júní 2010

## 1. Inngangur

Kynnið hér tilurð verkefnis, verkefnisstjóra, hlutverk þessarar skýrslu og aðra nauðsynlega kynningu miðað við hvernig staða er á verkefni.

Á kennarafundi í marsmánuði 2008 var ákveðið að sækja um að gerast forystuskóli í læsishvetjandi umhverfi í leikskóla. Áður hafði verið unnið þróunarverkefni við skólann um læsishvetjandi umhverfi í tvö ár. Forystuskólaverkefnið hófst síðan það haust og eum við því að klára annað árið okkar sem forystuskóli. Við skólann starfa 11 menntaðir kennarar auk þroskaþjálfra og íslenskufræðings. Björg Helga Geirsdóttir aðstoðarleikskólastjóri gegnir nú stöðu leikskólastjóra í fjarveru Oddfríðar Jónsdóttur leikskólastjóra, sem hefur verið í veikindaleyfi síðan í febrúar.

Til þess að nálgast verkefnið höfum við til hliðsjónar ýmsar kenningar og hugmyndir fræðimanna hvað varðar leik og læsisþróun barna á forskólaaldri. Má þar m.a. nefna kenningar Catherine Snow (1993), prófessors í læsisfræðum og máltöku barna við Harvard Graduate School of Education, USA og Rósu Eggertsdóttur (2007), kennara við Háskólann á Akureyri. Catherine Snow telur að góður orðaforði og almenn þekking sé það sem gerir barn að góðum lesara. Hún telur að leggja beri áherslu á talmál hjá forskólabörnum og að miklu máli skipti að gera umhverfið fjölbreytt og ögrandi.

Bókalestur sem fylgt er eftir með spurningum og umræðum um efnið, örvi mál og læsisþróun hjá börnum og að góður orðaforði sé mikilvægur þáttur og forsenda lesskilnings. Rósa (2007), telur að þroskuð hljóðvitund og þekking á stöfum tvo bestu forspárþætti um gengi áframhaldandi lestrarnáms.

Verkefnisstjóri er Guðrún Björnsdóttir, sem einnig hefur umsjón með sérkennslu við skólann og hefur sinnt verkefnisstjórnun í 10% starfi. Einnig hefur Oddfríður Jónsdóttir leikskólastjóri, tekið virkan þátt í skipulagningu verkefnisins ásamt deildarstjórum og verkefnisstjóra. Við undirbúning og skipulagningu verkefnisins á sínum tíma nutum við aðstoðar Guðfinnu Guðnadóttur leikskólakennara, sem þá starfaði sem aðstoðarleikskólastjóri við skólann og átti mikinn þátt í þeirri vinnu og við áður nefnt þróunarverkefni.

Við munum nú í þessari skýrslu fara yfir vinnu síðasta vetrar (2009 - 2010). Skoða hvað gekk vel og hvað gera má betur og hvort einhverjar breytingar hafa orðið. Við vekjum athygli á að við notum orðið kennari yfir alla starfsmenn.

## 2. Skipulag og framkvæmd verkefnis

Hvernig var skipulagi og framkvæmd verkefnisins eftir mánuðum? Útlistið sem flest atriði en útskýrið hvert þeirra í stuttu máli.

Mánuður	Framkvæmd verkefnis eftir mánuðum
Sumar '09	Unnið úr viðhorfskönnun sem gerð var meðal foreldra og kennara (maí 2009) vettvangsferðir og útikennsla og aðlögun nýrra barna 28. ágúst fundur með hópstjórum elstu barna. Útbúin „tilfinningaklukkan“, sem felur í sér að setja orð á tilfinningar og umræður þar um.
September	Aðlögun nýrra barna að mestu lokið. Kynnig á verkefni og fyrirhugaðri vinnu vetrarins sett upp í miðhúsi. Hópastjórar völdu sér bækur til að vinna með. Á skipulagsdegi 29. september kynnti verkefnisstjóri verkefnið fyrir kennurum og hópstjórar sama aldurs funduðu og báru saman bækur sínar og Bára Fjöla kynnti bók um tónlist og hvernig hægt væri að nýta hana í vinnu með börnunum. Viðfangsefni september- og októbermánaðar „Haustið, ég og hópurinn minn“. Náttúran, umhverfi, uppskerutími og umferðarverkefni.
Október	Fimmtudaginn 1. október kynnti verkefnisstjóri verkefnið á foreldrafundi og sagði um leið frá hugmynd um ömmu- og afastundir í leikskólanum. 8. okt. sagði verkefnisstjóri frá gangi verkefnisins og undirbúningi vetrarins á fundi með öðrum forystuskólaum á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Byrjað var að fara aftur með hópa í Bókasafn Hafnarfjarðar annan hvern miðvikudag.
Nóvember	Í nóvember var íslensk bókavika í skólanum í tengslum við Dag íslenskrar tungu 16. nóvember. Þá var áhersla lögð á að lesa og fjalla um bækur eftir íslenska barnabókahöfundu og að þessu sinn var aðallega unnið með bækur eftir Áslaugu Jónsdóttur, Berljótu Arnalds og Sigrúnu Eldjarn. Viðfangsefni mánaðarinnar var „Veturinn – ég og leikskólinn minn“ Á skipulagsdegi 18. nóvember var Guðrún Sigursteinsdóttir með fyrirlestur „Leikskólinn grundvöllur náms - Málproski og læsi“ og kynningu á námsefninu ORÐAHLJÓÐ og SÖGUGRUNNI, sem hún er höfðundur að og keypt hafði verið í leikskólann.
Desember	Jólaþema. Hugað að mati og umræður um mat á deildum og þá vinnu sem farið hafði fram. Ákveðið að útbúa tvennslags mat fyrir börnin þar sem þau leggðu annars vegar mat á bækur sem unnið væri með og hins vegar helstu námsþætti skólans.
Janúar '10	Þjóðsögur og ævintýri voru aðal viðfangsefnið í janúar á flestum deildum skólans, en yngstu börnin voru að fjalla um líkamann. Að sjálfsögðu komu inn þjóðlegar hefðir og viðburðir og haldið upp á Þorrann með þorrablóti og á Bónadaginn komu afar og pabbar í morgunmat, þar sem boðið var upp á hafragraut og slátur. Unnið með söguteppið og Sögugrunn
Febrúar	Unnið áfram með þjóðsögur og ævintýri í eldri hópum, en þema yngri barna var „Ég og fjölskyldan“. Opið hús var á degi leikskólans 5. febrúar. Stutt kynning á verkefni var sett upp við innganga skólans, þar sem fólk var hvatt til að skoða aðalkynninguna í miðhúsi. Ömmukaffi á Bolludag og Öskudagsgleði á Öskudag. Foreldraviðtöl
Mars	Í mars var viðfangsefni flestra "Ljóð og ljóðagerð", en yngstu börnin voru með verkefnið "Ég og vinir mínir". Litadagar í leikskólanum. Foreldraviðtöl
Apríl	Unnið með málshætti eftir páska. Unnið með form og stærðfræði og vorið og umhverfið. Umferðarskólinn kom í heimsókn. 14. Apríl Leiksyning „Langafi þakkari“ (eftir sögu Sigrúnar Eldjárn). 23. apríl „Alþjóðadagur bókarinnar“ (fæðingadagur Halldórs Laxness) Þessi dagur kom okkur aðeins í opna skjöldu, vissum ekki af honum fyrr en rétt áður. Það var þó aðeins minnst á hann við börnin, en við gerum honum betri skil á næsta ári. Verkefnisstjóri lagði fyrir mat á helstu námsþáttum skólans fyrir tvo elstu árganga

## FORYSTUSKÓLASKÝRSLA 2009-2010: ...SKÓLI

	skólans.
Maí	Vor- og sumarþema, vettvangsferðir. Af gefnu tilefni var unnið verk um eldfjall í listastofu og fræðst um eldfjöll og eldgos, meðal annars fylgst með gosinu í beinni á netinu (á deildum) og börnin komu með fréttuárklippur úr dagblöðum. „Eldfjallið var síðan sett á sýningu á „Björtum dögum“. Verkefnisstjóri lagði mat á námsþætti skólans fyrir tvo elstu árganga leikskólans. Viðhorfskönnun meðal kennara og foreldra. Aðlögun barna milli deilda sem og nýrra barna.
Sumar	4. júní. Útskrift elstu barna, þau fóru m.a með þulu sem ein amman kenndi okkur í ömmustund (í febrúar 2010). Úrdráttur úr námskrám aldurshópa sem og önnur skjöl og upplýsingar um verkefni barna, sem unnin hafa verið í tengslum við verkefnið tekið saman í eitt hefti. Unnið úr könnunum meðal foreldra og kennara frá því í maí. Unnið að gerð þessarar skýrslu og veturinn endurmetinn.

### 3. Endurmenntun og ráðgjöf.

Tilgreinið hér hvaða endurmenntun verkefnisstjóri/-ar sóttu sér í vetur, hvaða endurmenntun var innan skólans sem tengdist verkefninu og hvað ráðgjöf og kynningar skólinn veitti sem tengdist verkefninu (s.s. heimsóknir, erindi, skrif, ráðgjöf við einstaklinga)

#### A. Endurmenntun verkefnisstjóra:

1. Námskeið fyrir verkefnisstjóra forystuskóla skólaárið 2009 - 2010 á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, alls 8 klst. Verkefnisstjóri og leikskólastjóri sóttu þessi námskeið.

#### B. Endurmenntun fyrir starfsfólk skólans:

1. Fyrilestur hjá Guðrúnu Sigursteinsdóttur á skipulagsdegi 18. nóvember „Leikskólinn grundvöllur náms - Málþroski og læsi“ og kynning á námsefninu ORÐAHLJÓÐ og SÖGUGRUNNI, sem hún er höfundur að.
2. Á skipulagsdegi 26. febrúar var farið í heimsókn í Leikskólann Reynisholt, þar sem m.a. er unnið með ritmálið og Sögugrunninn.

#### C. Ráðgjöf og kynningar um verkefnið:

1. Kynning á verkefninu haldin fyrir kennara skólans á skipulagsdegi 29. september. Umræður, hugmyndir ræddar, fyrirspurnir og spurningum svarað.
2. Kynning fyrir foreldra á foreldrafundi í október. Umræður í kjölfarið og spurningum svarað.
3. 11. júní. Heimsókn leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og starfsfólks af Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar. Leikskólastjóri kynnti verkefnið og sýndi þeim leikskólann.

#### 4. Mat á verkefnum

Útlistið hvernig gekk að ná einstaka markmiðum sem stefnt var að og hvað væri hægt að gera betur.

##### **Matspáttur 1:** Verkefnisstjórnun

Það reyndist ágætt fyrirkomulag að verkefnisstjóri og leikskóastjóri ynnu saman að framgangi og skipulagi verkefnisins og gert er ráð fyrir að það fyrirkomulag muni halda áfram. Verkefnisstjóri vann að skýrslugerð.

##### **Matspáttur 2:** Upplýsingamiðlun/kynningarstarf

Verkefnisstjóri sá um kynningar á verkefnum til kennara og foreldra. Hann sá einnig um að setja inn fréttir og upplýsingar um verkefnið á tengli á heimasíðu skólans. Það má þó alltaf gera betur og hefðum við mátt vera duglegri við að auglýsa og kynna verkefnið á heimasíðunni. Í september voru sett upp kynningarspjöld í miðhúsi skólans fyrir gesti og gangandi, sem voru svo endurnýjuð og yfirfarin fyrir dag leikskólans 5. febrúar. Því miður var ekki send kynning á verkefnum til Fjarðarpóstis eins og til stóð, en við stefnum að því á næsta skólaári. Leikskólastjóri tók á móti og kynnti verkefnið fyrir leikskólastjórum Mosfellsbæjar 11. júní.

##### **Matspáttur 3:** Endur- og símenntun

Reynt var eftir fremsta megni að senda kennara á fundi og fyrirlestra á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, en það varð að taka mið af mönnun skólans hverju sinni og ekki alltaf hægt að uppfylla óskir allra. Einnig féllu niður áhugaverð námskeið vegna ónógrar þátttöku. Því miður hefur enn ekki orðið að því að fá fyrirlestur um mat eins og til stóð en það er þó enn á dagskrá og vonandi verður það á næsta skólaári.

##### **Matspáttur 4:** Skólaþróun með forystuskólaverkefni

Nokkuð vel hefur gengið að efla samvinnu og samkennd kennara og finnst flestum þetta mjög skemmtileg vinna. Mjög mikil ánægja var með fyrirlestur Guðrúnar Sigursteinsdóttur og fengust nokkrar góðar hugmyndir hjá henni og einkar áhugavert að fá kynningu á námsefnum hennar. Verkefnahefti aldurshópa, sem við tókum saman eru einnig að skila markvissari vinnu. Hver og einn hópstjóri veit hvað hann á að taka fyrir í hverjum mánuði. Þessi hefti hafa sannað gildi sitt og komum við til með að halda áfram að endurmeta heftin og þróa.

##### **Matspáttur 5:** Fagþróun

Við teljum að allflestir kennarar hafi bætt við þekkingu sína í vinnu með verkefnið. Við reyndum að leggja áherslu á að fólk tileinkaði sér skráningu og mat á eigin frammistöðu og vinnu með börnunum. Það verður að segjast að það gekk nú svona upp og ofan. Gert var ráð fyrir að hópstjórar nýttu sér skráningarblöð, en það var misjafnt hvað hópstjórar komust yfir að skrá, og fara yfir skráningu þar sem tími var ekki alltaf til þess. Þurfum við að skoða þennan þátt enn frekar og reyna að koma honum í fastari farveg, en það hlýtur að ráðast af mönnun hverju sinni. Til að reyna að gera skráningu fljótlega og einfalda, útbjó verkefnisstjóri einfalt skráningarblað/matsblað fyrir alla hópstjóra til að láta börnin sjálf meta þær bækur sem unnið var með. Einnig útbjó verkefnisstjóri annað matsblað þar sem börnin lögðu mat á helstu námsþætti skólans, sem lagt var fyrir tvo elstu árganga skólans.

Eins og áður var lögð áhersla á að bækur og ritföng væri aðgengileg fyrir börnin á deildum og ákveðin staður þar sem börnin gátu verið í næði við að lesa/skoða bækur. Þess má geta að nú eru komnir sófar á allar deildir og eru þeir mikið notaðir við að lesa og/eða skoða bækur. Sem fyrr merkjum við aukinn áhuga barnanna á bókum, þau fara að eigin frumkvæði í bókahillurnar og koma sér fyrir á rólegum stað til að lesa eða skoða bæði ein eða fleiri saman. Þau ræða sama um myndir og innihald bókanna og lesa þær á sinn hátt hvert fyrir annað. Húsgögn, hirslur og vinnuumhverfi barnanna var merkt með myndum, orðmyndum og einstök orð og orðasambönd sett upp á vegg.

Þessa þróun hjá okkur teljum við að sé í samræmi við kenningar Caterine Snow, sem telur að góður orðaforði og almenn þekking sé það sem gerir barn að góðum lesara. Einnig telur hún að bera eigi að leggja áherslu á talmál hjá forskólabörnum og að miklu máli skipti að umhverfið sé fjölbreytt og ögrandi. Það er því ánægjulegt að sjá hvað börnin eru farin að leita mikið í bækurnar að eigin frumkvæði og leita afþreyingar og ánægju í þeim.

#### Matspáttur 6: Virkni

Í heild má segja að virkni kennara hafi verið nokkuð góð. Mikið var um veikindi og forföll í skólanum, sérstaklega á vorönn og kom það nokkuð niður á verkefninu. Afleysing var ekki alltaf til staðar og fólk því lánað á milli deilda og óhjákvæmilega hefur slík röskun áhrif á vinnu á deildum. Þeir fáu fundir sem haldnir voru utan venjulegs vinnutíma fóru að mestu leyti í annað og eins er verið að innleiða PMT í skólann sem tekur líka sinn tíma t.d eins og á deildarstjórafundum. Reynt var þó að halda inni fundum hópstjóra hvers aldurshóps, og tókst það tvisvar yfir veturinn. Sú hugmynd kom upp að reyna að hafa tengilið á hverri deild við verkefnisstjóra. Með því töldum við meiri líkur á að verkefnið lifði og þróaðist en því miður tókst ekki að framkvæma þessa hugmynd og tíminn verður að leiða í ljós hvort þetta er gerlegt. Þó svo að stundum hafi gætt þreytu í kennarahópnum, þá er samt fólk ánægt og þykir gaman að vinna með verkefnið og það vekur alltaf jafnmikla gleði meðal okkar að sjá litlu börnin ná sér í bók og fara að lesa.

#### Matspáttur 7:

#### Matspáttur 8: Heildarmat starfsárs

Þetta hefur verið lærdómsríkt og að mörgu leyti skemmtilegt ár. Við teljum þónokkuð hafa áunnist en jafnframt má alltaf gera betur.. Deildarstjórar sjá aukin áhuga barnanna á bókum og bókalestri og að þau eru farin að leita meira og meira sjálf í að ná sér í bækur til að skoða/lesa þegar tími og tækifæri gefst. Þetta skilar sér í meiri ró á deildum sérstaklega á tímum sem áður voru erilsamir og oft háværir. Öryggi kennara í vinnu með verkefnið hefur aukist. Jafnframt höfum við reynt að láta það ekki hafa of mikil áhrif á okkur að hafa ekki getað skráð og metið eins og við gerðum ráð fyrir í haust. Skráning og mat eru þeir þættir, sem hafa orðið nokkuð útundan. Við ákváðum að taka mikið af myndum og nota þær sem skráningu í stað þess að skrifa niður, sem er tímafrekara. Við vitum að verkefnið býður upp á ýmsa möguleika, sem hægt er vinna enn frekar með og margar hugmyndir hafa kviknað. Ömmu- og afastundirnar sem við byrjuðum með í vetur voru t.d. bráðskemmtilegar og kom ein amman og kenndi börnunum þulu sem mamma hennar hafði kennt henni og vildi láta varðveitast. Ömmu – og afastundir munu því verða fastir liðir hér áfram. Vettvangsferðir yngri hópa í maí gekk heldur ekki allveg eins vel og við höfðum lagt upp með, þar sem aðlögun var í gangi og veikindi og mannekla settu strik í reikninginn. Reynt var þó að koma því þannig fyrir að þau börn sem fyrir voru á deild kæmst í einhverja vettvangsferð í mánuðinum. En þetta er eitthvað sem við þurfum að skoða fyrir næsta vor. Þó svo að erfiðleikar steðji að þá leggst næsta skólaár nokkuð vel í okkur og hlökkum við til að halda áfram að vinna að þessu verkefni, en við reynum bara að „sníða okkur stakk eftir vexti“. Við sjáum það nú þegar að þessi vinna skilar sér í ánægju barna og kennara og þar af leiðandi í betra skólastarfi.

Bætið inn fleiri matsatriðum eftir því sem þurfa þykir.



## „Gosið í Eyjafjallajökli“

# Framlag barna á Arnarbergi á Björtum dögum í júní 2010.

Mikil umræða og umfjöllun um eldgosíð í Eyjafjallajökli í ljósvakamiðlum á meðan á því stóð varð aðdragandi að verkefninu. Börnin höfðu fylgst með eldgosinu „í beinni“ á netinu, komið með úrklippur úr dagblöðum að heiman um gosið og einnig voru skoðaðar bækur um efnið. Umræður um eldgos og hraun varð til þess að elstu börnin fóru að skoða hraunið hér í kring um skólann og spá í hvernig það hefði orðið til. Þau tíndu nokkra hraunmola til að skoða og út frá því kviknaði hugmyndin hjá börnunum um að búa til eldfjall, sem náttúrulega var nefnt Eyjafjallajökull. Elstu drengirnir bjuggu til eldfjallið sjálf úr hraunmolum og settu inn í það ljós (sem átti að tákna eldinn). Önnur bjuggu til umhverfi eldfjallsins, bóndabæi úr pappa, fugla úr pappmassa, hreiður og egg úr steinum. Fólk var búið til úr hraunmolum, heyyaggar úr klósettrúllum og bómull, kindur úr steinum vafða í ull og yngstu börn skólans bjuggu til „sviðna jörð“ úr laufblöðum, mosa og sinu sem þau límdu á pappa og síðan var sandi (ösku) stráð yfir.

Verkefnið var unnið undir handleiðslu Báru Fjólu Friðfinnsdóttur listgreinakennara.

Verkið var til sýnis í BÓKABÚÐ EYMUNDSSON á Strandgötu.

FORYSTUSKÓLASKÝRSLA 2009-2010: ...SKÓLI

5. Fjárhagsniðurstaða fyrir síðasta starfsár (frá 1. ágúst 2009 til 31. júlí 2010):

GJÖLD:

Viðfangsefni:	Upphæð	Skýring(ar)
Verkefnisstjórn	Kr. 380.172	Laun verkefnisstjóra
Endurmenntunarkostnaður	Kr. 40.000	Fyrirlestur Guðrúnar Sigursteinsdóttur
Kennslugagnakostnaður	Kr. 123.908	Kennslugögn og bækur
Annar kostnaður:	Kr. 34.800	Pappír, blekh og plastr
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
<b>Samtals</b>	<b>Kr. 578.880</b>	

TEKJUR:

Viðfangsefni:	Upphæð	Skýring(ar)
Forystuskólaverkefnisstyrkur fræðsluráðs	Kr. 525.000	
Aðrar tekjur:	Kr. 53.880	Leiksóli
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
<b>Samtals</b>	<b>Kr.</b>	

**Tekjur mínus gjöld** samtals kr. **578.880**

Hafnarfirði \_\_\_\_ . \_\_\_\_ . 2010.

\_\_\_\_\_  
Skólastjóri

\_\_\_\_\_  
Skólastimpill



## 6. Starfsáætlun næsta skólaárs

Kynnið hér hvernig stefnt sé að því að þróa og halda verkefninu áfram næsta vetur, s.s. hvaða verkefni verða í gangi innan skólans, hvaða endurmenntun sé stefnt að og hvernig ráðgjafarhlutverkioð verði þróað.

### A. Markmið komandi starfsárs

Meiginmarkmið næsta skólaárs er að vinna áfram að þróun starfs-og kennsluhátta. Gera umhverfið þannig úr garði að það kveiki áhuga á læsi, sögum, bókum, rituðu máli og vönduðu, auðugu málfari og verði uppspretta gleði og ánægju barnanna. Þjálfá kennara í skráningu og mati og styrkja fagvitund. Halda úti ítarlegri og áhugaverðri heimasíðu.

### B. Framkvæmdaáætlun

x

Mánuður	Framkvæmdaáætlun næsta vetrar
Sumar '10	Vettvangsferðir farnar og umræður um þær, frjáls leikur inni og úti. Farið yfir niðurstöður viðhorfskannana frá því í vor og þær skoðaðar. Undirbúningur fyrir næsta skólaár. Vinna að gerð kennslumyndbanda fyrir kennara m.a. um hvernig hægt er að vinna með netbækur og bækur/sögur. Vinna að leiðbeiningum fyrir kennara um hvernig við getum samþætt verkefnið inn í alla námsþætti. Útbúa sýnilegar reglur um hvernig við umgöngumst bækur. Samráðsfundur hópstjóra. Kynna áherslur septembermánaðar. Hefja skólaárið og klára aðlögun nýrra barna og kennara.
September	Áframhaldandi vinna við verkefnið mótuð m.a. út frá niðurstöðum kannana og kynning fyrir alla kennara. Upprifjun í málrækt fyrir allaaldurshópa. Kynna áherslur til áramóta. Fá fyrirlestur um mat og skráningu á skipulagsdegi haustið 2010. Upptökur og rýnisfélagar valdir.
Október	Kynningarfundur fyrir foreldra, þar sem farið verður yfir þróun verkefnisins og markmið. Unnið að upptökum og skráningu.
Nóvember	Mat á námsþáttum lagt fyrir tvo elstu árganga skólans. Upptökur skoðaðar og metnar.
Desember	Jólaþema, deildarstjórar meta starfið fyrirhluta vetrar. Kynnt námeftni/áherslur janúar - og febrúar rmánaða. Samráðsfundur og endurmat hópstjóra.
Janúar '11	Unnið með kennsluefnið Ótrúleg eru ævintýrin.. Styrkja börn í tjáningu og framsögn og vinna að stærri verkefnum í samráði við listgreinastjóra.
Febrúar	Áframhaldandi vinna með framsögn, tjáningu og skapandi starf með sýningum og uppákomum í sal. Kynntar áherslur mars – og aprílmánaða.
Mars	Unnið með ljóð og ljóðagerð. Foreldraviðtöl
Apríl	Páskaþema og unnið með málshætti og merkingu þeirra. Myndbandsupptaka og mat.Samráðsfundur og endurmat hópstjóra. Mat á námsþáttum lagt fyrir tvo elstu árganga skólans.
Maí	Flutningur barna milli deilda og aðlögun nýrra barna. Viðhorfskönnun meðal foreldra og kennara.
Sumar	Farið yfir starf vetrarins – mat og umsagnir. Ljúka gerð skýrslu.

### C. Endurmenntunaráætlun verkefnisins og skólans

Reyna að sjá til þess að þeir fyrirlestrar sem fyrirhugaðir eru verði haldnir. Stuðla að því að námskeið og fyrirlestrar sem í boði verða á næsta skólaári verði nýttir. Efla og hvetja kennara til að þjálfá sig í upptökum og sjálfsmati, sem og í skráningu og mati í vinnu með börnunum og stuðla þannig að aukinni fagvitund og starfsánægju.

## 7. Matsþættir komandi starfsárs

Setjið viðmið um árangur næsta starfsár

### Matsþáttur 1: Verkefnisstjórnun

Sami háttur verður hafður á og síðasta skólaár. Verkefnisstjóri verður í 10% vinnu og með verkefnisstjóra verður leikskólastjóri með í stjórnun verkefnisins eins og verið hefur.

### Matsþáttur 2: Upplýsingamiðlun/kynningarstarf

Setja reglulega upplýsingar og fréttir af verkefninu á heimasíðuna og hvetja foreldra og aðstandendur til að skoða og nota hana. Kynna áherslur næsta mánaðar í lok hvers mánaðar fyrir kennurum. Reyna að koma skólanum á framfæri í fjölmiðlum/blöðum (Fjarðarpóstinn) og kynna þannig verkefnið og auglýsa leikskólann sem forystuskóla í læsishvetjandi umhverfi. Mikilvægt er að allir foreldrar viti hvað við erum að gera og séu þátttakendur í þessari vinnu okkar. Þeir geri það m.a með því að vera ánægðir og aðstoða okkur í því að láta aðra vita af þeirri frábæru vinnu sem fer hér fram..

### Matsþáttur 3: Endur- og símenntun

Fá námskeið í mati fyrir allt kennara. Sækja þau námskeið sem í boði eru á hverjum tíma sem tengjast okkar verkefni. Efla þekkingu og virkni með bókum um efnið. Hafa kynningarfund fyrir foreldra um verkefnið, markmið og framgang/stöðu þess. Heimsóknir í skóla sem eru að vinna að svipuðum verkefnum.

### Matsþáttur 4: Skólaþróun með forystuskólaverkefni

Efla fagvitund kennara, auka og efla skráningu, upptökur og annað sem kemur verkefninu til góða. Kynna betur skráningar (upptökur) sem til eru og bæta við fleirum. Þannig getum við sýnt og séð árangur t.d í hlustun hjá mjög ungum börnum. Miðla til annarra leikskóla. Leggja mat á verkefnamöppur hvers aldurs hóps og bæta í og þróa áfram. Nota vettvangsferðir enn frekar til að gera börnin læs á umhverfi sitt. Láta áfram fara fram viðhorfskönnun meðal foreldra og kennara. Hópstjórar leggi mat fyrir börnin þar sem þau meta bækurnar sem unnið er með hverju sinni. Mat á helstu námsþáttum lagt fyrir tvo elstu árganga skólans .

### Matsþáttur 5: Fagþróun

Halda áfram að reyna að taka upp og meta. Lesa greinar og bækur sem tengjast bernskulæsi og læsishvetjandi þáttum og umhverfi. Reynt verður að halda utan um þennan þátt og ígrunda hann á fagfundum ef fjárráð leyfa.

### Matsþáttur 6: Virkni

Sjá til þess að allir séu virkir og séu þátttakendur. Kynna áherslur hvers mánaðar fyrir kennurum og hvetja alla að koma með nýjar hugmyndir sem fela í sér að gera umhverfið læsishvetjandi. Vera vakandi fyrir nýjungum, hugmyndum og lesefni til að efla fagvitund sína og hafa tækifæri til að miðla og deila hugmyndum og skoðunum innan kennarahópsins. Reyna að stuðla að því að samráðsfundir hópstjóra verði a.m.k tvisvar til þrisvar yfir skólaárið.

### Matsþáttur 7:

**Matspáttur 8:** Heildarmat starfsárs

Náist að framfylgja ofangreindum þáttum teljum við það stuðla að aukinni fagþekkingu, virkni og góðu upplýsingaflæði, innan kennarahópsins, milli deilda og til foreldra. Jafnframt því að skapa börnunum þroskavænlegt, áhugavert og námshvetjandi umhverfi, sem leiði af sér aukna skólaþróun, gleði og ánægju barna, foreldra og kennara.

Bætið inn fleiri matsatriðum eftir því sem þurfa þykir.



## 9. Lokaorð

Takið viðfangsefni skýrslunnar saman, þ.e. hvernig verkefnið gekk í heildina, hvaða atriði reyndust vera þröskuldar (fjármagn, vinna kennara/verkefnisstjóra/skólastjórna, skipulagsmál o.þ.h.), hvað gekk vel, hvaða stuðningur kom að gagni o.fl.

Þegar horft er til baka á þetta annað skólaár þá finnst okkur nokkuð vel hafa gengið. Kennarar eru sammála um að vinna með verkefnið hefur verið skemmtileg og það hafi skilað sér í auknum áhuga barna á bókum, lestri bóka, rituðu máli, tjáningu og sköpun. Viðbrögð foreldra gagnvart verkefninu hafa verið mjög góð og margir hafa sýnt því áhuga og lýst yfir ánægju sinni með það. Foreldrar hafa komið og sagt okkur frá því að börnin séu farin að sækja meira í bækur heima og jafnvel farin að skoða og lesa með yngri sytkinum. Einnig höfum við fengið fregnir af því frá Lækjarskóla að börn frá okkur séu að koma vel undirbúin námslega fyrir grunnskólanám.

Eftir því sem leið á skólaárið sáum við breytingu hjá nýjum börnum eins og árið áður í því að þau voru farin að sækja í bækur og njóta samvista hvers annars við lestur og að skoða bækurnar saman. Við sáum að vinnan skilaði sér í aukinni ánægju og áhuga bæði okkar sjálfra og barnanna. Það var einnig mjög gott og lærdómsríkt að fara á fundi á Skólaskrifstofu og fá það innlegg og ráðgjög frá þróunarfulltrúum og ekki síður að heyra frá hinum forystuskólunum um hvað þeir eru að gera.

Skipulag verkefnisins gekk nokkuð vel. Hópstjórar studdust við verkefnaöppur eins og áður og hittust á fundum og gátu þar borið saman bækur sínar og skipst á hugmyndum. Því miður urðu fundirnir ekki nema tveir yfir skólaárið og er þetta eitthvað sem við verðum að huga betur að.

Okkur þykir ástæða að nefna að fjármagn var að skornum skammti (525.000) og það fór að mestu í laun verkefnisstjóra og í námsgögn, í stað 1.200.000 sem áætlað var í upphafi. Við teljum að það sé mjög mikilvægt að allir kennarar skólans séu vel upplýstir og komi að verkefnavinnunni til þess að efla áhuga og starfsánægju. Þetta fór saman við að mjög hefur verið dregið úr yfirvinnu og fundum fyrir utan venjulegan vinnutíma, en þessir fundir eru sérstaklega mikilvægir vegna þess að þar komast upplýsingar beint til allra án milliliða. Við vonumst því til að gerðar verði ráðstafanir til þess að hægt sé að bæta við/eða fjölga starfsmannafundum á komandi árum.

Þegar á heildina er litið finnst okkur nokkuð vel hafa gengið og vinnan með verkefnið hafi skilað sér í auknum áhuga og ánægju kennara í starfi. Við hlökkum því til að takast á við verkefnið næstu árin og vinna að þeim hugmyndum sem kveiknað hafa.

Hafnarfirði \_\_\_\_ . \_\_\_\_ . 2010

\_\_\_\_\_  
skólastjóri

\_\_\_\_\_  
verkefnisstjóri

\_\_\_\_\_  
verkefnisstjóri